

**Rannsókn á svarfi úr holu 2 í Skógum undir  
Eyjafjöllum**

**Ásgrímur Guðmundsson**

**Greinargerð ÁsG-95-07**

## Rannsókn á svarfi úr holu 2 í Skógum undir Eyjafjöllum

Aðdragandi þessarar athugunar voru vangaveltur um fóðringardýpi í holu 2 í Skógum. Jarðborinn Narfi er að bora holuna þessa dagana. Borsvarfið úr holunni kom inn á rannsóknarstofu Orkustofnunar laugardaginn 1. júlí og var skoðað samdægurs. Helstu niðurstöður þar að lútandi er að sjá á mynd 1, sem hér fylgir með.

Jarðlöggin eru áþekkt því er sést í holu 1, sem mun vera í allt að 700 m fjarlægð. Ekki er óeðlilegt að landslag á myndunartíma jarðlagana geti valdið mismun á útliti og þykkt. Mjög áberandi rauð millilög í holu 2 á 212 og 215 m dýpi sjást ekki í holu 1. Ýmsar skýringar eru þar á eins og takmörkuð útbreiðsla setsins sem meðal annars getur stafað af landslagi á myndunartímanum. Annars sést glerjað berg í efri hlutanum, en neðan 160 m dýpis eru basalhraunlög ráðandi. Flest þeirra eru plagíóklasdílótt, eins og neðst í holu 1.

Ummyndun var skoðuð samhliða jarðlögum. Það athyglisverðasta sem þar kom í ljós var að zeólítarnir analít, skólesít og mesólít sjást í blöðrum og sprungum, kalsít sést samhliða þeim og á nokkrum stöðum (mynd 1) sést pýrít eða markasít. Um er ræða steind sem mynduð er úr jární og brennisteini og er ótvíræð vísbending um jarðhitaummerki, en segir ekkert til um hvort jarðhiti sé virkur nú.

Ummyndunin sem sést gefur til kynna að minnkandi líkur séu á hrungjörnum lausum jarðlögum er neðar dregur, en hafa ber í huga að sprungið berg getur alltaf verið hrungjarnt sama á hvaða dýpi það er.

Reykjavík 2. júlí 1995


  
Asgrímur Guðmundsson

Ólafur Eggertsson

Fax 487 - 8816

# Skógar hola 2

Jarðlagasnið frá 148 m í 230 m dýpi



## Skýringar við jarðlagasnið

- Fersklegt fin-meðalkorna basalt
- Fersklegt grófkorna basalt
- Fersklegt glerjað basalt
- Basaltkangi
- Fersklegt túff
- Bláðrótt basalt
- Túffset
- Rautt millilag